



**Árþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra, SSNE
14.-15. apríl 2023
Haldið á Siglufirði, í Bláa húsinu.**

Þinggerð

Þingsetning

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE, setur þingið kl. 12:30 og býður þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Þá tilnefnir formaður Sigríði Ingvarsdóttur, bæjarstjóra í Fjallabyggð sem þingforseta og Díönu Jóhannsdóttur og Elvu Gunnlaugsdóttur starfsmenn SSNE sem þingritara.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti vekur athygli fundargesta á því að fundurinn er tekinn upp til hæðarauka fyrir ritun fundargerðar.

Þingforseti kynnti tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

*Arnar Stefánsson, Fjallabyggð – formaður
Hulda Elma Eysteinsdóttir, Akureyrarbær
Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kynnti tillögu um eftirfarandi fjárhags- og stjórnsýslunefnd:

*Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbær – formaður
Finnur Yngvason, Eyjafjarðarsveit
Hjálmar Bogi Hafliðason, Norðurþing
Gerður Sigtryggisdóttir, Þingeyjarsveit
Axel Grettisson, Hörgársveit*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Arnar Stefánsson, formaður kjörnefndar kom upp og gerði grein fyrir mætingu á þingið, en 32 þingfulltrúar af 35 eru mættir og einnig var löglega til þingsins boðað og er því þingið löglegt.

Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar flytur skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. [Skýrslu stjórnar má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri flytur skýrslu framkvæmdastjóra. [Skýrslu framkvæmdastjóra má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Níels Guðmundsson, endurskoðandi hjá Enor ehf., kynnir ársreikning SSNE fyrir árið 2022. [Ársreikning SSNE má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þingforseti opnar mælendaskrá um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning, enginn tekur til máls svo þingforseti bar ársreikning og tillögu stjórnar um að taka tap ársins af eigin fé undir atkvæði þingsins, tillagan samþykkt samhljóða.

Rögvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri fjármála og reksturs SSNE, kynnir endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2023 og drög að fjárhagsáætlun 2024. [Endurskoðaða fjárhagsáætlun og drög að fjárhagsáætlun má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þingforseti gefur Höllu Björk Reynisdóttur, formanni fjárhags- og stjórnsýslunefndar orðið og óskar eftir umsögn nefndarinnar um fjárhagsáætlun.

Halla Björk Reynisdóttir tekur til máls og kynnir umsögn nefndarinnar. Erfitt að meta framlög hins opinbera inn í meðal annars Sóknaráætlun landshlutans. Nefndin lagði til 5,5% hækkun launaliðar en ekki 10% líkt og gert hafði verið ráð fyrir.

Þingforseti opnar mælendaskrá um fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 og 2024, enginn tók til máls.

Þingforseti ber endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir 2023 og 2024 undir atkvæði þingsins. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillögur og ályktanir frá stjórn og þingfulltrúum Kosning endurskoðanda

Þingforseti kynnir tillögu stjórnar SSNE um kosningu endurskoðanda.

Enor hefur verið endurskoðandi SSNE og er tillaga stjórnar að svo verði áfram.

Þingforseti ber upp tillöguna og er hún samþykkt samhljóða.

Breytingar á samþykktum SSNE

Þingforseti gefur Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar, orðið til að kynna tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum, [tillagan er á heimasíðu SSNE.](#) Lára Halldóra fer yfir tillögu stjórnar og óskar eftir athugasemdum um hverja grein fyrir sig.

1. grein – sveitarfélög sem ekki eru til lengur tekin út.
7. grein – breytingin felst í breytingum varðandi boðun þinga.
8. grein - breyting í tengslum við skipan úthlutunarnefndar.
9. grein – breyting felst í fækkun þinga, í stað tveggja aukapinga verði aðeins eitt.
10. grein – breyting vegna þinggerðar.
11. grein – breyting vegna rangrar vísunar í grein innan samþykktta, hér leiðrétt.
12. grein – breytingar á skipan stjórnar.
13. grein – Breyting á afli atkvæða.

Sigríður Bjarnadóttir tekur til máls vegna 13. greinar og leggur fram breytingartillögu, þess efnis að Akureyrarbær skipi ekki formann og að sá hluti greinarinnar sé felldur niður og í stað komi: “Stjórn skipti með sér verkum”.

Lára Halldóra tekur til máls og fer yfir ástæðu þess að Akureyrarbær skipi formann, en rúmlega 62%

af fjárframlögum sveitarfélaganna til sambandsins er frá Akureyrarbæ. Sigurður Þór Guðmundsson tekur til máls og skýrir frá því að sjaldan komi til atkvæðavægis innan stjórnar SSNE. Hilda Jana Gísladóttir tekur til máls og fór yfir tildrög samþykktanna. Óskar eftir því að ef fara á í frekari breytingar að stofnuð sé nefnd sem fari heildstætt yfir samþykktirnar. Hjálmar Bogi Hafliðason tekur til máls og tekur undir breytingartillöguna en vill þá frekar fjölga fulltrúum Akureyrarbæjar í stjórn frekar en að þau skipi formann. Halla Björk Reynisdóttir tekur til máls, og tekur undir orð Hilda Jönu.

15. grein – breyting á skipan í úthlutunarnefnd.

16. grein – breyting á hlutverki fagraða.

20. grein – breytingar er tengjast árgjaldi.

Jafnframt kynnir Lára tillögu stjórnar að breytingar taki gildi að ársþingi loknu og kostnaðarskiptingu vegna fjölgunar í stjórn.

Þingforseti opnar mælendaskrá um tillögu á breytingum á samþykktum, enginn kveður sér til máls. Þingforseti ber upp breytingartillögu Sigríðar Bjarnadóttur, 6 atkvæði á móti 28. Tillagan felld.

Breytingartillaga 1 grein, samþykkt samhljóða.

Breytingartilla á 7. grein, samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga á 8. grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga á 9. grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga 10. grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga 11. grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga 12 grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga 13 grein, samþykkt með meirihluta atkvæða, 1 atkvæði á móti.

Breytingartillaga 15. grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga 16. grein, samþykkt samhljóða

Breytingartillaga 20 grein, samþykkt samhljóða

Þingforseti ber upp tillögu stjórnar, heildarbreytingu samþykktu, og er hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber upp tillögu um gildistöku og er hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber upp tillögu um kostnaðardreifingu og er hún samþykkt samhljóða.

Lára Halldóra tekur til máls, og fagnar að þingið hafi samþykkt tillögu stjórnar og býður öll sveitarfélögin velkomin í stjórn.

Tillögur að breytingum á starfsreglum úthlutunarnefndar og úthlutunarreglum

Þingforseti gefur Hilda Jönu Gísladóttur orðið og fer hún yfir tillögu stjórnar um breytingar á [starfsreglum](#) og [verklagsreglum](#) vegna úthlutunarsjóðs, tillögurnar má finna á heimasíðu SSNE.

Þingforseti opnar mælendaskrá, enginn tekur til máls.

Þingforseti ber upp tillögu stjórnar úthlutunarreglur og er hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber upp tillögu stjórnar starfsreglur og er hún samþykkt samhljóða.

Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur málefni sem eru löglega upp borin

Samstarfssamningur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Þingforseti kynnir fyrirbyggjandi [tillögu um samstarfssamning um Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra](#) sem allar sveitarstjórnir hafa fjallað um og samþykkt.

Þingforseti opnar mælendaskrá, enginn tekur til máls.
Þingforseti ber upp tillöguna og er hún samþykkt samhljóða.

Tillaga að ályktun um samgöngumál

Albertína Friðbjörg tekur til máls og kynnir tillögu stjórnar að [ályktun um samgöngumál](#).

Þingforseti opnar mælendaskrá vegna tillögu stjórnar.

Hilda Jana, Guðjón Ólafsson og Snorri Finnlaugsson taka til máls og leggja áherslu á forgangsröðun aðgerða og skýr skilaboð frá landshlutanum. Jafnframt leggur Snorri fram breytingartillögu, svohljóðandi:

Mörg dæmi eru um brýnar umferðaröryggisúrbætur í landshlutanum sem gætu haft mikil áhrif til fækkunar slysa í vegasamgöngum. Þar af eru nokkrir staðir í vegakerfinu á Norðurlandi eystra sem teljast sérstaklega hættulegir. Þar má meðal annars nefna vegamót Hringvegur og Norðausturvegar 85 við Kross, Hringvegur við Eyjafjarðarbraut eystri, Norðausturvegur 85, ~~aðkoma að Akureyri norðan bæjarmarka, vegamót hringvegur og Ólafsfjarðarvegur við Pelamörk~~ **aðkoma norðan Akureyrar frá Lónsá að vegamótum hringvegur og Ólafsfjarðarvegur sem og þau vegamót, snjóflóðasvæði á Hringvegi í Ljósavatnsskarði og skortur á útskotum fyrir ferðamenn.**

Ingibjörg Benediktsdóttir tekur til máls og fagnar því að fjallað sé um Tetra samskipti, og leggur jafnframt áherslu á forgangsröðun. Sigurður Þór tekur til máls og segir erfitt fyrir nefndina að draga fram ákveðin verkefni.

Þingforseti ber upp breytingartillögu Snorra og er tillagan samþykkt samhljóða.
Þingforseti ber upp tillöguna í heild og er tillagan samþykkt samhljóða.

Gert er kaffihlé til kl 15:00.

Ávörp gesta

Þingforseti gefur **Sigurði Inga Jóhannssyni**, innanviðaráðherra orðið og kom Sigurður meðal annars inn á mikilvægi samstarfi sveitarfélaga og samráði ráðuneytisins við íbúa og sveitarfélög. Sigurður ræddi jafnframt um Hvítbók um samgöngumál sem er í vinnslu í ráðuneytinu.

Þingforseti gefur **Heiðu Björgu Hilmisdóttir**, formanni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga orðið, en vegna raddleysis leysir **Arnar Þór Sævarsson** verðandi framkvæmdastjóri Sambandsins hana af. Arnar leggur áherslu á málefni fatlaðs fólks og segir að það verði eitt af fyrstu verkum sínum að skoða þetta málefni. Jafnframt ræddi Arnar þá innviðaskuld sem myndast hefur hjá ríki og sveitarfélögum undanfarin ár.

Þingforseti gefur **Njáli Trausta Friðbertssyni**, 2 þingmanni Norðausturkjördæmis orðið og bað fyrir kveðju frá Ingibjörgu Isaksen en hún er því miður erlendis. Njáll Trausti ræddi samgöngumál og rifjaði upp tillögu um samgöngustefnu sem hann lagði fram fyrir fjórum árum. Hvetur hann sveitarstjórnarfólk til að leggja áherslu á styttingu leiðarinnar til Reykjavíkur við Blönduós, en þar myndi 17 km vegur tryggja 14 km styttingu.

Þingforseti opnar mælendaskrá um erindi gesta.

Sigurður Þór tekur til máls, hvetur Sigurð Inga áfram með fjármálareglur sveitarfélaga og nauðsyn þess að hafa virkt eftirlit. Spyr Njál Trausta hvaða könnun hann vísar í með forgang á styttingu leiðar til Reykjavíkur.

Hilda Jana tekur til máls, vekur athygli þingmanna og ráðherra á Sóknaráætlun landshlutanna og að tryggja þurfi aukið fjármagn í það ferli. Spyr Sigurð Inga hvernig hann sjái framhaldið fyrir sér? Ásthildur Sturludóttir tekur til máls, tekur undir með Hildi Jönu varðandi fjármagn í Sóknaráætlun. Vekur athygli á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga og hvetja ráðherra til dáða og sérsaklega varðandi forvirkar aðgerðir eftirlitsnefnd sveitarfélaga.

Hjálmar Bogi spyr varðandi Brothættar byggðir, hvað kemur í framhaldi verkefnanna. Verkefnin eru góð en þau eru ekki nóg til að snúa við þeirri byggðapróun.

Gunnar Már Gunnarsson tekur undir orð Hjálmars Boga en spyr jafnframt um endurnýjun í sveitarstjórnarstiginu. Hvað getum við gert til að gera sveitarstjórnarsetu eftirsóknarverðari. Þröstur Friðfinnsson óskar eftir svörum varðandi fjármögnun landshlutasamtaka.

Sigurður Ingi tekur til máls og tekur undir mikilvægi eftirlitsnefndar og nauðsyn þess að hafa strangar reglur. Sigurður Ingi segir að Sóknaráætlanir sé slegnar niður vegna verðbólgu og að við verðum að sýna aðhald. Engar draumalausnir varðandi brothættar byggðir, því miður. En verkefni Brothættra byggða er sannarlega bara upphafspunkturinn, það verða önnur verkefni að fylgja. Sigurður segir að stjórnsýslulega stöðu landshlutasamtaka þurfi að skýra. Gerð hefur verið skýrsla með tillögum varðandi starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum sem Sigurður hvetur sveitarfélögin til að skoða.

Njáll Trausti tekur til máls og segir að vissulega verður þróun í byggðum og sumt getum við ekki barist gegn en t.d. á ráðstefnu á Þórshöfn í apríl komu fram spennandi verkefni í raforkumálum fyrir norðausturhornið.

Arnar Þór tekur til máls varðandi fjármálareglur og segir að erfitt var að ýta á strangari reglur meðan covid gekk yfir. Mörg sveitarfélög hafa vaxið mjög hratt og kallar það á hraða innviðbyggingu, en hún mun skila sér.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra tekur til máls og fer yfir starfsemi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. [Kynningu Leifs má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þinghlé

Þingforseti gerir hlé á þinginu til næsta dags.

Laugardagur 15. apríl

Þingforseti setur þingið á ný og gefur Smára J. Lúðvíkssyni orðið.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

Smári J. Lúðvíksson, verkefnastjóra umhverfismála fór yfir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. [Erindi Smára má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Knútur Emil Jónsson, tekur til máls og veltir upp hugmynd um sorpmælaborð. Sigurður Þór tekur til máls og ræðir um hlutverk SSNE í frágangsmálum og bendir á að hér sé málið til umfjöllunar fyrir samþykkt. Björn Lárusson tekur til máls og bendir á að staða sveitarfélaganna er mjög ólík og kostnaður Langanesbyggðar vegna þessa verkefnis yrði mikill og ólíklegt að hægt sé að taka þetta í einu skrefi. Hilda Jana tekur til máls og ræðir flutningskostnað vegna úrgangsmála og hvernig hann hefur mismunandi áhrif á sveitarfélögin.

Smári tekur til máls og leggur til breytingu á hlutverki SSNE í svæðisáætluninni.

Þingforseti gefur Arnheiði Jóhannsdóttur orðið.

Markaðsstofa Norðurlands

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofa Norðurlands fór yfir starf Markaðsstofu Norðurlands og helstu áherslumál. [Kynningu Arnheiðar má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þingforseti spyr út í flugmál og hvernig staðan sé með beint flug. Gunnar Már tekur til máls og spyr út í hlutverk MN og hvort einhvertíman hafi verið rætt að útvíkka hlutverkið. Gunnar spyr einnig um þróun gönguleiðaverkefnis, og hvort skoðað hafi verið að draga saman leiðir með gistingu, Björn Lárusson tekur til máls og ræðir skilgreiningu á ferðapjónustu. Freyr Antonsson tekur til máls og ræðir árstíðarsveiflu ferðapjónustunnar og stýringu ferðamanna og hvort flugþróunarsjóður ætti ekki að einbeita sér að því að styrkja flugfélög og ferðaskrifstofur sem koma utan háannar.

Arnheiður tekur til máls og svarar spurningum, bindum vonir við að Niceair geti aftur hafið flug, einnig hefur Icelandair sagst hefja aftur tengiflug. Varðandi hlutverk MN þá var það skýrt að hún ætti að sinna ferðapjónustu en ekki öðrum greinum, en umræðan kemur oft upp hvort eigi að útvíkka hlutverkið. Varðandi gönguleiðaverkefnið þá mun MN ekki einblína á lengri ferðir með gistingu. Ljóst er að það þarf aukið fjármagn í uppbyggingu á svæðinu. Varðandi flugþróunarsjóð þá ætti áherslan að vera að lengja tímabilið en sjóðurinn er notaður til að “opnar dyrnar”.

Þingforseti gefur Hirti Hjartarsyni orðið.

Kynning á Hátindi 60 + Fjallabyggð

Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar Fjallabyggðar ásamt Hönnu Sigríði Ásgeirsdóttur kynntu verkefnið Hátindur 60 + í Fjallabyggð. [Kynninguna má finna á heimasíðu SSNE.](#)

Lærum af hvort öðru

Þingforseti gaf Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur orðið sem tilkynnti að vegna góðra umræða í kjölfar erinda var tekin ákvörðun um að hætta við umfjöllun á borðum.

Önnur mál

Þingforseti opnar mælendaskrá í tengslum við önnur mál.

Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður, tók til máls og þakkar boð á þingið. Arnór Benonýsson tók til máls og hvetur stjórn SSNE til að virkja enn frekar samstarf við SSNV og Austurbrú. Sigurður Þór tók til máls og minnti á mikilvægi þess að sveitarfélög geti nýtt þjónustu SSNE.

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að ganga frá þinggerð með þingriturum SSNE.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingi slitið

Þingforseti þakkar fyrir góðan fund og fól Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE að slíta þinginu. Lára Halldóra þakkar þinggestum og starfsmönnum SSNE fyrir gott þing.

Þingi slitið 11:15